

Áfangaskýrsla vegna sjálfsmats Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2019 – 2020

Þriggja ára matsáætlun fyrir Grunnskóla Seltjarnarness var lögð fram haustið 2017 og nær hún til ársins 2020. Í þessari áfangaskýrslu er að finna upplýsingar um sjálfsmatið skólaárið 2019-2020 auk þess sem áætlunin sem slík verður metin þ.e. hvað er gott og hvað má betur fara.

Sjálfsmatsáætlun skólans er sett upp á mánuði og verður farið yfir áætlun hvers mánaðar í þessari skýrslu, rýnt í hvernig gekk, niðurstöður skoðaðar og metnar og fjallað um úrbætur. Þegar horft er til framkvæmdarinnar þá gekk margt vel en ýmislegt má einnig betur fara. Enn er þessi vinna eingöngu á herðum stjórnenda.

Ágúst

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	▪ Kynning á matsáætlun ▪ Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar ▪ Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim ▪ Nemenda og foreldrasamtöl – sjálfsmat nemenda	▪ Matsteymi ▪ Stjórnendur ▪ Stjórnendur - kennarar ▪ Kennarar/skólastjórnendur

Kynning á matsáætlun

Matsáætlun hefur verið sett á heimasíðu skólans og verið kynnt starfsfólki.

Útgáfa og yfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar

Almenni hluti skólanámskrárinnar var uppfærður, settur á heimasíðu skólans auk þess sem foreldrar voru látnir vita, á skólakynningum í sept., af skólanámskránni og lögbundnum áætlunum. Kennsluáætlanir, sem eingöngu voru aðgengilegar í mentor í fyrra, verða nú aftur aðgengilegar foreldrum og nemendum bæði á Mentor og á heimasíðu skólans.

Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar

Enn og aftur hefur námsmat verið í forgrunni við endurgerð kennsluáætlana. Ákeðið hefur verið að halda áfram að gefa einkunnir á hæfnikort eins og gert var í fyrra en að þessu sinni verða gefnir bókstafirnir A, B, C og D á hæfnikortin í stað táknaða sem gefin voru í fyrra. Einnig hefur verið ákveðið að gefa

nemendum bókstafi fyrir einstök verkefni/próf til viðbótar við fyrirgjöf fyrir einstök hæfniviðmið auk þess sem gefin verður bókstafur fyrir haustönnina í hverri námsgrein.

Við gerð kennsluáætlana er, eins og áður, stuðst við ákveðinn grunn þar sem m.a. er lögð áhersla á fjölbreytt námsmat, fjölbreytta kennsluhætti og virkni nemenda enda útheimtir námsmat skv. aðalnámsrá fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir.

Nemenda- og foreldrasamtöl (sjálfsmat nemenda)

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin með sama hætti og síðustu sjö ár, 22. og 23. ágúst. Nemendur, með aðstoð foreldra, fylltu út þar til gerð eyðublöð fyrir viðtölin þar sem farið var yfir ýmsa þætti skólastarfsins auk þess sem nemendur settu sér markmið fyrir veturinn. Hvert viðtal stóð yfir í 30 mínútur.

Mat og úrbætur:

- Allir kaflar skólanámskrár voru uppfærðir en mismikið - allt eftir þörfum.
- Innleiðingu nýs námsmats lauk um áramótin 2018/2019 en námsmat er samt vissulega enn í skoðun. Við útskrift 10. bekkjar vorið 2019 kom í ljós að námsmatið var ekki eins skiljanlegt nemendum og foreldrum eins og vonast hafði verið til og því var lagt í talsverða vinnu á vor- og haustdögum 2019 við að endurskoða námsmatið. Í unglingadeild var eftirfarandi ákveðið í von um gegnsærra námsmat:
 - Námsmat er unnið út frá Aðalnámskrá grunnskóla eins og verið hefur
 - Stuðst er við hæfniviðmið í 7./10. bekk.
 - Matsviðmið í hverri námsgrein eiga að liggja til grundvallar námsmati í 10. bekk en þar sem þau eru í raun samantekt á hæfniviðmiðunum 10. bekkjar er frekar stuðst við hæfniviðmiðin sem eru talsvert aðgengilegri sem mælanleg viðmið.
 - Það er ekki hægt að meta öll hæfniviðmiðin þó vissulega sé unnið samkvæmt þeim.

Breytingar sem gerðar verða og leiða vonandi til gegnsærra námsmats:

1. Gefnir bókstafir í stað tákna á hæfnikortum
 2. Gefnir bókstafir fyrir verkefni jafnóðum og þeim er skilað
 3. Gefið námsmat um áramót
- Gefið A,B,C eða D fyrir einstök hæfniviðmið
 - Gefið A,B,C eða D fyrir einstök verkefni
 - Um jól og að vori eru gefnar sambærilegar einkunnir en þá gefst kennurum tækifæri á að gefa líka B+ og C+.

Hvað liggur að baki bókstöfunum:

- A í lokaeinkunn um jól eða að vori
Nemandi er með A fyrir 9/10 hluta námsmats
- B í lokaeinkunn um jól og að vori
Nemandi er með B fyrir 9/10 hluta námsmats
- C í lokaeinkunn um jól og að vori
Nemandi er með C fyrir 9/10 hluta námsmats

Vægi einstakra hæfniviðmiða og verkefna getur verið breytilegt og sjá má vægið inni á kennsluáætlunum.

- B+ í lokaeinkunn um jól og að vori fá þeir nemendur sem eru með A fyrir a.m.k. helming námsmats og ekki undir B í 9/10 hlutum námsmats.
- C+ í lokaeinkunn um jól og að vori fá þeir nemendur sem eru með B fyrir a.m.k. helming námsmats og ekki undir C í 9/10 hlutum námsmats.

Vægi einstakra hæfniviðmiða og verkefna getur verið breytilegt og sjá má vægið inni á kennsluáætlunum.

Vegna þessara breytinga voru foreldrar allra árganga unglingadeildar boðaðir á skólakynningar auk þess sem póstur var sendur á foreldra þar sem þessar breytingar voru kynntar.

Í 1. – 6. bekk var farið yfir hæfniviðmið í hverju fagi, þau hæfniviðmið sem ekki eru mælanleg tekin út og hæfniviðmiðum fækkað með það fyrir augum að eindalda framsetningu námsmats.

Eins og undanfarin ár gengu nemenda- og foreldraviðtöl í upphafi skólaárs vel og gert er ráð fyrir áframhaldi á þessu fyrirkomulagi.

September

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
September	- Mat á kynningarfundum fyrir foreldra 1. bekkja. - Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk - Skólakynningar fyrir foreldra - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk - Orðarún lögð fyrir í 7. og 8. bekk - Mat á kennslu hefst	- Deildarstjóri stigs og aðstoðarskólastjóri - Valhúsaskóli: Stjórnendur - Mýrarhúsaskóli: umsjónarkennarar. - Skólastjórnendur - Verkefnastjóri í UT - Umsjónarkennarar - Skólastjórnendur

Mat á kynningarfundum fyrir foreldra 1. bekkja

Góð mæting var á haustfundinn og svarhlutfall í könnun var 75%. Fleiri voru mættir á haustfundinn en um vorið og í heildina eru foreldrar ánægðir með upplýsingagjöf við skólabyrjun (sjá mynd 1).



Mynd 1

Lestrarpróf MMS lögð fyrir 1.-10. bekk

Eftir að MMS fór að gefa út lestrarpróf og lesviðmið fyrir alla árganga grunnskólans hafa allir árgangar verið prófaðir í lestri þrisvar á ári og er þetta fimmta árið sem lesfimiþróf MMS eru lögð fyrir nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness.

Skólakynningar fyrir foreldra

Um miðjan september voru haldnar skólakynningar fyrir foreldra 1., 4., 7., 8., 9. og 10. bekkina. Foreldrar 8. og 9. bekkina voru boðaðir saman þar sem rétt þótti að kynna fyrir þeim breytingar á námsmati en foreldrar þessara árganga eru ekki boðaðir árlega heldur aðeins ef ástæða þykir til. Áréttað var við foreldra að kennsluáætlanir væru komnar inn á Mentor og þeim bent á að Skólahandbókin Vitinn væri kominn á heimasíðu skólans. Farið var yfir skipulag vetrarins, bent á eineltisáætlun, niðurstöður samræmdra prófa, niðurstöður nemendakönnunar skólapúlsins auk þess sem rætt var um læsi, símanotkun í skólanum o.fl. Þess ber að geta að í nemenda- og foreldraviðtölum í ágúst voru nemendur og foreldrar spurðir út í hvort þeir vildu símaþátt eða halda í núverandi reglur um símanotkun í skólanum. Niðurstöður þeirrar könnunar voru kynntar foreldrum en flestir vildu hafa reglur um síma óbreyttar. Námsmat við lok grunnskóla var kynnt sem fyrr og vegna breytinga sem enn hafa verið gerðar á námsmatinu í ár var foreldrum 8. og 9. bekkjar einnig boðið á sameiginlega kynningu til þeir fengju einnig innsýn í námsmatið og það hvernig nýta má Mentor til að fylgjast vel með námsframvindu nemenda.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Orðarún í 7. og 8. bekk

Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 7. og 8. bekk og verður það endurtekið í maí og niðurstöður bornar saman.

Mat á kennslu

Stefnt var á að fara af stað með mat á kennslustundum í september. Ekki framkvæmt.

Mat og úrbætur:

- Lestrarniðurstöður lágu fyrir í lok september.

7.-10. bekkur

Farið var yfir lesfiminiðurstöður og þær rýndar. Skimað var fyrir lesblindu (með gögnum frá MMS) hjá þeim nemendum í 9. og 10. bekk sem ekki hafa náð lágmarksviðmiði í lesfimi og hafa ekki fengið lesblindugreiningu áður. Þeir sem koma illa út úr þessari skimun verður vísað í logosgreiningu.



Ákveðið var að dreifa álaginu og skima eftir vanda hjá 7. og 8. bekk að janúarprófum loknum. Byrjað verður á að logosgreina 10. bekk og endað á 7. bekk. Haldið verður áfram með yndislestur fjóra morgna í viku og áfram farið fram á það við kennara að þeir auki það að nemendur lesi upphátt í yndislestrinum auk þess sem mælt er til þess að kennarar haldi hraðlestrarnámskeið í öllum bekkjum skólans fyrir áramót og séð til með endurtekningu á því eftir áramót.

2.-6. bekkur

Deildarstjóri fór yfir niðurstöður með umsjónar- og sérkennurum og brugðist við hjá þeim nemendum sem talið er að séu í áhættuhópi varðandi lestrarörðugleika. Einnig voru sett af stað leststraáttak á miðstigi.


Það er áhyggjuefni hve lestri hnignar frá maí og fram í september en niðurstöðu janúar- og maímælinga eru umtalsvert betri en niðurstöður septembermælinga.

Fyrirlögn sept. 2019, Grunnskóli Seltjarnarness



- Skólakynningarnar í 7.-10. bekk gengu vel og var mæting nokkuð góð. Nokkrar umræður urðu um námsmat í skólanum og kom það ekki á óvart miðað við það umtal sem skapaðist sl. vor. Nokkuð bar á stressi foreldra varðandi það að námsmat sé of huglægt og að börn á Seltj. eigi erfiðara með að komast inn í framhaldsskóla en nemendur annars staðar frá. Foreldrar voru upplýstir um að ekki er vitað til þess að krakkar héðan hafi ekki komist inn í annan hvorn þann skóla sem þeir völdu sér, hvorki nú í vor né síðustu ár. Niðurstöður skoðanakönnunar varðandi símareglur voru kynntar foreldrum en niðurstöðurnar gefa ekki tilefni til breytinga á reglunum. Nemendur og foreldrar komu samt með ábendingar um einstaka atriði og var foreldrum tilkynnt að við færum yfir þær ábendingar með væntanlegu nemendaráði.


Skoðun foreldra /nemenda á símareglum




7.-10. bekkur

- Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 7. og 8. bekk í september og niðurstöður fylgja hér fyrir neðan.

Orðarún árgangur 2007 - 6. og 7. bekkur



Orðarún árgangur 2006 - 7. og 8. bekkur



Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Október	- Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum. - Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk - Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir í 3.-6. bekk - Vinna í 7.-10. bekk með samskipti í skólanum í tengslum við 8. nóv. – baráttudag gegn einelti	- Deildarstjóri stigs/ námsráðgjafi og umsjónarkennarar - Stjórnendur/kennarar - Verkefnastjóri UT - Deildarstjóri stigs/ umsjónarkennarar - Stjórnendur/kennarar

Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum.

Tekin voru rýnihópaviðtöl við átta börn, fjórar stúlkur og fjóra drengi, úr 2. og 4. bekk. Spurt var um bekkjarstarfið, kennslustundir og frímínútur, Skólaskjól/Frístund og fleira. (fylgiskjal nr. 10).

Hjá 4. bekkingum kom fram að almennt líður nemendum vel og þeir eru ánægðir með bekkinn sinn þó svo mörgum finnist vera of mikil læti. Flestum þykir mjög gaman í íþróttum og sundi þó margir nefni að það sé mikill hávaði í íþróttum og margir sem fara ekki eftir fyrir mælum. List- og verkgreinar fá almennt mjög mikið lof nemenda. Fáir eru í Frístund en þeir sem þar eru voru ánægðir.


Sömu spurningar voru lagðar til grundvallar í 2. bekk. Þeim líður almennt vel, þau eru ánægð með bekkinn sinn og finnst ganga vel bæði að vinna saman og hlýða. Þau segjast vera góðir vinir og leika saman í frímínútum. Mikil ánægja er með allar list- og verkgreinar, sund og íþróttir.

Þegar þátttakendurnir voru spurðir hvort þau vildu breyta einhverju í skólanum kom oftast fram að nemendur vildu lengri frímínútur. Nokkrir nemendur í 2. bekk vildu þó fá meiri tíma fyrir yndislestur og erfiðara námsefni.

Í 1. og 3. bekk var lagður fyrir spurningalisti (fylgiskjal 9).

Niðurstöður í 3. bekk voru almennt mjög jákvæðar, sjá mynd 2. Svarhlutfall var tæp 98%.


Niðurstöður voru kynntar kennurum árgangsins.



Mynd 2

Nemendum í 1. bekk líður almennt vel og eru ánægðir í skólanum. 95% árgangsins svöruðu könnuninni.

Niðurstöðurnar voru kynntar fyrir kennurum árgangsins.




Mynd 3

Í 5. og 6. bekk var rafræn könnun lögð fyrir nemendur (fylgiskjal 11). Svörin voru ekki greind eftir árgöngum að þessu sinni. 117 af 130 nemendur svöruðu könnuninni. Allar niðurstöður voru kynntar umsjónarkennurum viðkomandi árganga.

Niðurstöðurnar sýna að tæp 85% nemenda eru ánægðir með skólann sinn. Sjá mynd.

Mér finnst skólinn minn

117 responses




Mynd 4

Yfir 98% finnst umsjónarkennarinn sinn frábær eða venjulega ágætur. Sjá mynd.

Mér finnst umsjónarkennarinn

117 responses




Mynd 5

Um 83% nemenda líður alltaf eða oftast vel í skólanum. Sjá mynd.

Mér líður vel í skólanum

113 responses




Mynd 6

Heimanámið þykir hæfilegt og jafnvel skemmtilegt. Sjá mynd.

Hér finnst heimanámið

115 responses




Mynd 7

Að lokum var spurt um stríðni og útilokun. Nokkur nöfn voru nefnd og þau mál voru strax tekin til skoðunar og umsjónarkennarar unnu með þessar upplýsingar með námsráðgjafa.

Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk

Í október var könnun varðandi líðan lögð fyrir á unglingastigi þ.e. kannað var hvernig nemendur upplifa samskiptin í skólanum. Eins og undanfarið var notast við sömu spurningar og notaðar eru í skólapúlsum en með könnun skólans fást niðurstöður fyrr og yfirlit yfir líðan allra nemenda í senn auk þess sem gera má samanburð á stöðunni milli árganga. Niðurstöður fyrir skólann í heild má sjá á meðfylgjandi súluriti.



Unnið var með samskipti í 7.-10. bekk í tengslum við 8. nóv. – baráttudag gegn einelti. Farið var yfir samskiptakönnun skólans með nemendum, sýnt myndefni til að vekja nemendur til umhugsunar um einelti auk þess sem nemendur unnu í hópum í umsjónarstofum og gátu þá valið milli mismunandi verkefna

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir í 3.-6. bekk

Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 3.-6. bekk og verður það endurtekið í apríl. Niðurstöðurnar voru birtar á mentor og foreldrar hvattir til að efla heimalestur með börnum sínum.

Mat og úrbætur:

- Sundurliðaðar niðurstöður á líðan nemenda voru sendar á umsjónarkennara í 7.-10. bekk og þeir beðnir um að ræða og vinna með niðurstöður með bekkjum sínum þar sem áhersla er lögð á að það eru greinilega einhverjir í skólanum sem taka inn á sig ónægðin samskipti og ræða hvernig megi stuðla að bættri líðan þessara nemenda. Þessi vinna var unnin á degi gegn einelti og gekk vinnan vel.

Nóvember

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Nóvember	- Greining samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. - Sjálfsmat nemenda í 2.-10. bekk, frammistöðumat í Mentor - Mat á framförum í lestri nemenda í 1.-6. bekk, fyrir foreldrafund - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk - Unnið að bættum samskiptum í skólanum og reynt að koma á samstarfi við foreldra.	- Stjórnendur/umsjónarkennarar/faggreinakennarar - Umsjónarkennarar / stjórnendur - Deildarstjóri stigs og umsjónarkennarar - Verkefnastjóri í UT - Sjórnendur

Greining samræmdra prófa í 4. og 7. bekk.

Samræmd próf voru lögð rafrænt fyrir í 4. og 7. bekk í fjórða sinn.


Niðurstöður í báðum árgöngum voru rýndar sérstaklega. Niðurstöður 4. bekkinga voru skoðaðar og farið yfir hvers konar stuðning og sérkennslu þeir nemendur, sem voru undir 50 í raðeinkunn, hefðu fengið hingað til og gerð áætlun um áframhaldandi sérkennslu. Sami háttur var hafður á í 7. bekk þar sem

kennurum voru kynntar niðurstöður þeirra barna sem voru undir 30 í raðeinkunn og gerð áætlun um aðstoð við þá nemendur.

4. Bekkur	Íslenska	Lestur og hlustun	Málnotkun
Miðgildi 2019			
Seltjarnarnes	30,48	30,45	30,38
Reykjavík	30,89	30,86	30,48
Nágr. Rvk.	30,55	30,5	30,32
Raðeinkunn			
2019 (2010)	6,2	52,5	6,2
		52,4	5,6
			51,3

4. bekkur	stærðfræði	reikningur	rúmfræði	tölfræði
Miðgildi 2019				
Seltjarnarnes	30,21	32,32	26,29	30,11
Reykjavík	30,17	29,92	30,26	29,86
Nágr. Rvk.	30,21	30,03	30,08	29,92
Raðeinkunn 2019				
20109 (2010)	6,9	49,9	7,5	56,7
		5,5	39,4	6,8
				50,5

4. árgangur
Grunnskóli Seltjarnarness, sept. 2019




Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	59	13	22,0%	32	54,2%	14	23,7%
	Lestur	59	14	23,7%	31	52,5%	14	23,7%
Stærðfræði	Heild	57	17	29,8%	28	49,1%	12	21,1%
	Reikningur og aðgerðir	57	14	24,6%	21	36,8%	22	38,6%

7. bekkur	Ísl.	4 / 7	Lestur	4 / 7	Máln.	4 / 7
Miðgildi 2019						
Seltjarnarnes	31,98		32,29		31,29	
Reykjavík	30,5		30,57		30,31	
Nágr. Rvk.	30,71		30,63		30,65	
Raðeinkunn 2019						
2019 (2007)	56,8	-7,2	58,3	-1,7	53,9	-5,9

7. bekkur	Stærðfr.	4 / 7	Reikn.	4 / 7	Rúmfr.	4 / 7	Tölfr.	4 / 7
Miðgildi 2019								
Seltjarnarnes	31,74		32,78		29,02		32,22	
Reykjavík	30,6		30,5		30,66		30,61	
Nágr. Rvk.	30,77		30,73		30,79		30,56	
Raðeinkunn 2019								
2019 (2007)	57	-1,65	59,5	-0,3	47	-4,5	58,1	1,82

Skoðaðar voru framfarir í einstökum þáttum prófsins í 7. bekk, með því að bera saman niðurstöður árgangs 2007 í 4. bekk og í 7. bekk. Allar niðurstöður voru sendar viðkomandi faggreinakennurum og sérkennurum og áréttað að fólk færi yfir það hvort bæta þyrfti í stuðning þeirra barna í 7. bekk sem voru með undir 30 í raðeinkunn. Stuðningi við þessa nemendur verður fylgt eftir.



Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	46	9	19,6%	23	50,0%	14	30,4%
	Lestur	46	10	21,7%	21	45,6%	15	32,6%
Stærðfræði	Heild	47	6	12,8%	25	53,2%	16	34,0%
	Reikningur og aðgerðir	47	8	17,0%	26	55,3%	13	27,7%

Sjálfsmat nemenda í 7.-10. bekk, frammistöðumat í Mentor

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin 6. nóv. Nemendur og kennarar í 7. -10. bekk fylltu út frammistöðumat í Mentor og var sú vinna lögð til grundvallar í viðtölunum sem stóðu yfir í 15 mín. hvert. Einnig voru ágústmarkmiðin skoðuð og farið yfir hvernig nemendum hafði gengið að ná þeim.

Mat á framförum í lestri nemenda í 1.-6. bekk, fyrir foreldrafund

Fyrir foreldrafundinn í október voru framfarir nemenda í lestri metnar og kynntar foreldrum í viðtölunum.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Unnið að bættum samskiptum í skólanum

Á degi gegn einelti var unnið með samskipti í bekkjum. Nemendur fengu að sjá niðurstöður samskiptakönnunar sem lögð var fyrir í október og í kjölfarið unnu umsjónarkennarar með samskipti í bekkjunum sínum. Í flestum tilfellum horft á myndir sem fjalla um samskipti og unnið út frá myndunum. Dæmi um úrvinnslu eru t.d. umræður, stuttmyndagerð, veggspjaldagerð o.fl. Dagurinn gekk vel og að sögn kennara skapaðist þörf umræða í bekkjunum.

Mat og úrbætur:

- Við skoðun á niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk kom í ljós að meðaltal framfarastuðuls 7. bekkjar í íslensku var 2,8 og í stærðfræði 3,0 en framfarastuðullinn 3 segir okkur að framfarir séu svipaðar og almennt gerist. Raðeinkunn 7. bekkjar 2019/2020 lækkaði í öllum þáttum prófanna frá því í 4. bekk. Í íslenskunni lækkaði raðeinkunn árgangsins um 7,2 stig í lestri en um 1,7 stig og í málnotkun um 5,9 stig. Í stærðfræðinni lækkaði raðeinkunn árgangsins um 1,7 stig í reiknisaðgerðum um 0,3 stig og í rúmfræði og um 4,5 stig en í tölfræði hækkaði raðeinkunnin um 1,82 stig.
- Niðurstöður samræmdra prófa verða kynntar kennurum í 5. og 6. bekk svo þeir geti nýtt sér niðurstöðurnar til bættra kennsluhátta.
- Almennt gengu nemenda og foreldraviðtölin vel en erfiðlega gekk, eins og svo oft áður, að fá foreldra og nemendur til að vinna frammistöðumatið heima. Markmið með frammistöðumatinu er annars vegar að safna saman á einn stað upplýsingum frá öllum kennurum barnsins en ekki síst að fá nemendur til að meta eigið gengi í námi og eiga spall við foreldra sína um námið. Reynt var að hvetja foreldra til að fylgja þessari vinnu eftir en að lokum gáfu umsjónarkennarar nemendum færi á að fylla matið út í skólanum. Þar með fer spjall um nám barnsins ekki fram á heimilinu en það náðist samt að fá samanburð á upplifun bansins á eigin námi og bera það saman við mat kennaranna.

Desember

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Desember	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6.-10. bekk	Verkefnastjóri í UT

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Janúar


Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Janúar	- Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10.bekk um valgreinar o.fl. - Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk - Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) - Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinum) - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	- Aðstoðarskólastjóri unglingad. - Valhúsaskóli: Stjórnendur Mýrarhúsaskóli: umsjónarkennarar - Matsteymi/ umsjónarkennarar - Matsteymi/aðstoðarskóla- stjóri unglingastigs - Verkefnastjóri í UT

Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10.bekk um valgreinar o.fl.


Annað hvert ár er óskað eftir hugmyndum frá nemendum og foreldrum varðandi námsval og þar sem það var gert í fyrra var ekki gerð formleg könnun meðal nemenda um hugmyndir að nýju námsvali fyrir skólaárið 2019-2020. Námsval var borið undir kennara og þeir hvattir til að koma með nýjar og ferskar hugmyndir að valgreinum. Haldið verður áfram að láta nemendur velja sér námsgreinar til einnar annar í senn í bæði í frjálsum vali sem og í list- og verkgreinum. Þetta fyrirkomulag nær þó ekki yfir stærðfræðigreinar, spænsku, þýsku og félagsmálafræði. Þessar námsgreinar eru valdar til alls skólaársins.

Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk

Fyrirlögn jan. 2020, Grunnskóli Seltjarnarness



Fyrirlögn sept. 2019, Grunnskóli Seltjarnarness



Til samanburðar eru hér birtar niðurstöður septembermánaðar og janúarmánaðar en eins og fram kemur á súluritunum hefur orðið breyting milli mánaða og þá fyrst og fremst varðandi það hvað þeim hefur fækkað sem eru undir viðmiðum MMS og hve þeim hefur fjölgað sem hafa náð viðmiði 3 eða eru á milli viðmiða 2 og 3. Við skoðun á þeim tölum sem hér birtast þá voru 30,74% nemenda undir viðmiðum MMS í september en í janúar var þessi tala komin niður í 15,69%. Hjá MMS er miðað við að ekki séu fleiri en 10% nemenda undir viðmiði 1 og það eru 2. og 10. bekkur ná því takmarki. MMS setur jafnframt það viðmið að 25% nemenda nái viðmiði 3 og í september náður 10,17% nemenda því viðmiði en í janúar var sú tala komin upp í 20,21%. Þeir árgangar sem náðu 25% takmarkinu eru 2., 3. og 5. bekkur. Í foreldraviðtölum í febrúar verður foreldrum í 2.-10 bekk afhent blað þar sem þeir geta séð línulega þróun á lestri barna sinna. Enn sem fyrr kemur það berlega fram hve börnum fer aftur í lestri yfir sumartímann og vonandi verður sú umfjöllun sem fram fer í foreldraviðtölunum foreldrum hvatning til að halda börnum sínum að lestri yfir sumarið.

Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk

Ekki voru haldnir fundir með nemendum eins og til stóð í janúar og til stóð að stofna til slíkra funda í febrúar að loknu vetrarleyfi en eftir það varð mikil röskun á skólahaldi vegna verkfalla og covid-19 faraldursins. Fulltrúar nemenda höfðu þó kallaeftir fundum með stjórnendum í tvígang og báru upp erindi nemenda.

Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinn 6. -10. bekkur)

Niðurstöður Skólapúlsins eru almennt nokkuð ásættanlegar fyrir haustönn 2019. Kvarðinn sem sýnir niðurstöður einstakra þátta er þannig að 0,5 stig teljast marktækur munur en ekki mikill munur, 1.0 stig telst talsverður munur og 1,5 stig yfir telst mikill munur. Það skal tekið fram að þegar sú samantekt sem hér er birt er tekin saman hafa 142 nemendur af 193 nemendum tekið þátt í könnuninni.

- **Virgni nemenda í skólanum:** Þessi þáttur var mældur í 6 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0.81 stigi yfir viðmiðum sem er aðeins hærra en í fyrra (hækkun um 0,23 stig). Lægst mældist skólinn 0,5 stigum yfir viðmiðum en það varðaði ánægju af lestri en mest mældist skólinn 1,2 stigum yfir viðmiðum en sá þáttur lýtur að trú á eigin vinnubrögðum í námi.
- **Líðan og heilsa:** Þessi þáttur var mældur í 7 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,54 stigum yfir meðaltali en þar eru tveir þættir ekki reiknaðir með, liðirnir tíðni eineltis og tíðni hreyfingar, en þessir þættir eru mældir í prósentustigum. Stjórn á eigin lífi mælist 0,6 stigum yfir meðaltali og vellíðan mældist 0,6 stigum yfir meðaltali en hæst skoraði skólinn í hreyfingu og var þar 9,7 prósentustigum yfir meðaltali. Sjálfsálit mældist 0,8 stigum yfir meðaltali og hollt mataræði 0,4 stigum yfir meðaltali. Varðandi tíðni eineltis mældist skólinn 0,3 prósentustigum undir viðmiðunarhópunum, sem er frekar jákvætt en eineltið mælist líka 0,3 stigum undir landsmeðaltali og telst það einnig frekar jákvætt þó augljóslega væri betra ef skólinn mældist lengra fyrir neðan landsmeðalta. Eineltismálin eru þeir þættir könnunarinnar sem þarfnast endalausrar skoðunar því eitt eineltistilfelli er einu tilfelli of mikið. Við skoðun á tíðni eineltis kemur fram að skólinn hefur undanfarið verið að fá afleita mælingu varðandi einelti þannig að þá má gleðjast yfir því að þróunin sé í rétta átt. Ástandið í eineltismálum er síst í 7. og 10. bekk. Unnið hefur verið hörðum höndum varðandi ástandið í 10. bekk en án nægilegs árangurs. Verið er að vinna markvisst með ákv. nemendur varðandi samskipti.
- **Skóla- og bekkjarandi:** Skóla og bekkjarandi var mældur í 5 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,16 stigum yfir meðaltali. Lægsta talan varðaði virgni nemenda í tímum en þar mældist skólinn 0.3 stigum undir meðaltali. Þegar spurt var út í aga í tímum mældist skólinn 0,6 stigum yfir meðaltali og var það hæsta skor skólans í spruningum um skóla- og bekkjaranda

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mat og úrbætur:

- Námsval verður með sama sniði og á síðasta skólaári. Kennsla í námsvali gekk vel í vetur því hefur ekki verið ráðist í breytingar á kennslunni fyrir næsta skólaár.
- Nemendakönnun í 6. – 10. bekk á haustönn kemur nokkuð vel út og þó samskiptamálin mælist í betra horfi en verið hefur þarfnast þau samt áframhaldandi eftirfylgni. Unnið var mjög markvisst að því að leysa samskiptamál í 10. bekk á haustönninni. Fundað var með fjölda nemenda og foreldrar kallaðir á fundi. Árangur þessa starfs var ekki sem skyldi og leitað var til Vöndu Sigurgeirsdóttur til að fá góð ráð. Hennar innlegg var að hvíla umræðuna við hópinn um hríð en taka svo upp þráðinn á ný eftir áramót en hún sagði þetta mjög sérstakar aðstæður og þá ekki síst þar sem foreldrar fengust ekki til samstarfs í þessu verkefni. Lagt var á ráðin um að setja samskiptanámskeið á laggirnar í mars, eftir vetrarfrí, en þá höfðu þeir starfsmenn skólans farið á námskeið í að halda slík samskiptanámskeið. Vegna röskunar á skólastarfi í mars-maí gafst ekki kostur á að halda umrædd námskeið.

Kaflinn um skóla- og bekkjaranda hefði gjarnan mátt koma betur út og varðar það þá helst samband kennara og nemenda, virka þátttöku nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats. Þessa þætti þarf að endurskoða og gera áætlun varðandi það að efla þessa þætti.

Það er ánægjulegt að sjá að skólinn er í efsta sæti sambærilegra skóla varðandi trú á eigin vinnubrögðum í námi og mjög ofarlega þegar kemur að trú á eigin námsgetu og þrautseigju í námi.

Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að beinni lestrarkennslu í 6.-10. bekk og mun skólinn áfram nýta sér að fullu allt það sem MMS býður upp á s.s. hraðlestrarprófin sem nú þegar eru nýtt, lesskilningsverkefni/próf og ritunarverkefni/próf sem væntanleg eru til afnota fyrir skóla.

Febrúar

Mánuður	Verkefni	▪ Ábyrgðaraðili
Febrúar	▪ Matsfundur í skólaráði ▪ Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en skriflegt hjá hinum ▪ Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk ▪ Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat í Mentor, ▪ Starfsmannasamtöl (febr-apríl)	▪ Skólastjóri /aðstoðarskólast. ▪ Stjórnendur/kennarar ▪ Umsjónarkennarar ▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi og verkefnastj. UT

	▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun (lögð fyrir 2018 og 2020. ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri í UT
--	--	---

Matsfundur í skólaráði

Ekki varð af matsfundi í skólaráði vegna röskunar á skólastarfi á vorönn bæði vegna verkfalla og COVID. Stjórnendur sátu tvisvar fund með nemendaráði yfir skólaárið að beiðni nemenda. Þar báru nemendur upp ýmislegt sem þeim lá á hjarta og reynt var að taka tillit til óska nemenda eins og hægt var.

Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en skriflegt hjá hinum

Tekin voru rýnihópaviðtöl við önnur átta börn úr hvorum árgangi, fjórar stúlkur og fjóra drengi. Spurt var um bekkjarstarfið, kennslustundir og frímínútur, Skólaskjól/Frístund og fleira. (fylgiskjal nr. 10).

Nemendum í 4. bekk líður almennt vel í skólanum og flestir eru ánægðir með bekkinn sinn en þó var kvartað töluvert undan hávaða og að nokkrir ættu erfitt með að fara eftir fyrirmælum. Almennt eru krakkarnir ánægðir í frímínútum og þó upp komi alls konar vandamál virðast þau ekki skyggja á gleðina. Allir eru ánægðir með list- og verkgreinar. Fáir eru í Frístund en þeir sem þar eru voru ánægðir.

Sömu spurningar voru lagðar til grundvallar í 2. bekk. Þeim líður almennt vel og eru ánægð með bekkjarfélag sína. Þau segjast vera góðir vinir og leika saman í frímínútum, þó bar nokkuð á kvörtunum undan ákveðnum nemendum. Kennarar fengu niðurstöðurnar til að vinna með. Mikil ánægja er með allar list- og verkgreinar en sumum finnst erfitt í sundi. Flestum finnst gaman í Skólaskjóli.

Í báðum árgöngum nefndu nemendur að það mæti vera meira um list- og verkgreinar. Og svo kom sú skemmtilega hugmynd fram að nemendur fengju meira grænmeti í skólanum og að þau myndu sjálf rækta það á skólalóðinni.

Vegna verkfalls og takmarkana á skólahaldi tókst ekki að leggja könnun á líðan fyrir í 1. og 3. bekk á vorönninni.


Í 5. og 6. bekk var rafræn könnun lögð fyrir nemendur í maí þegar skólahald hófst að nýju með eðlilegum hætti (fylgiskjal 11). Þátttaka var óvenju lítil, 82% í 6. bekk og 84% í 5. bekk en það eru e.t.v. afleiðingar af takmörkun á skólahaldi.

Könnunin var að þessu sinni lögð fyrir hvorn árgang fyrir sig, en ekki greint eftir kynjum. Í 6. bekk svöruðu 55 af 67 nemendum könnuninni. Niðurstöðurnar sýna að nemendum líður vel og eru almennt ánægðir með skólann og umsjónarkennarann sinn.

6. bekkur

Mér líður vel í skólanum


53 responses



Ekki er ánægjan með umsjónarkennarana síðri.

Mér finnst umsjónarkennarinn


55 responses



Rúmlega helmingi nemenda í 6. bekk finnst heimanámið hæfilegt, fjórðungi finnst það skemmtilegt og 20% finnst það mikið. Fáeinum finnst heimanámið of erfitt.

Hér finnst heimanámið

55 responses




Hjá 5. bekkingum svöruðu 53 af 63 könnuninni. Niðurstaðan var svipuð, almennt eru nemendur ánægðir og líður vel í skólanum. Þó kemur í ljós að fáeinum líður ekki nógu vel í skólanum og voru þær niðurstöður skoðaðar sérstaklega með umsjónarkennurum árgangsins.

5. bekkur


Mér líður vel í skólanum

52 responses




Mér finnst umsjónarkennarinn

53 responses




Hér finnst heimanámið

51 responses



Hér finnst heimanámið

54 responses



Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk

Lagt var af stað með samskiptakönnun fyrir nemendur í 7.-10. bekk í febrúar og fengu umsjónarkennarar póst þess efnis að könnunin yrði lögð fyrir nemendur í vikunni fyrir vetrarfrí. Ekki náðu allir kennarar að leggja könnunina fyrir bekkina fyrir vetrarfrí þannig að marktækar niðurstöður náðust ekki úr könnuninni vegna röskunar á skólastarfi í mars og apríl. Ekki var talið að könnunin gæfi rétta mynd ef hún yrði lögð fyrir þá sem áttu eftir að taka hana í mjög svo stopulu skólastarfi.

Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat í Mentor

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin 19. febrúar. Kennarar í 7.- 10. bekk fylltu út frammistöðumat í Mentor og var sú vinna, ásamt niðurstöðum miðannamats, lögð til grundvallar í viðtölunum sem stóðu yfir í 15 - 20 mín. hvert. Nemendur í 7.-10. bekk voru ekki látnir fylla út matið eins og verið hefur og þá sérstaklega vegna þess hve erfitt það hefur verið að fá nemendur og foreldra til að fylla sjálfsmatið út. Hugsunin með frammistöðumatinu er að nemendur setjist með forleðrum sínum og ræði stöðu sína í námi um leið og matið er fyllt út. Undanfarið hefur það í flestum tilfellum komið í hlut umsjónarkennara að sjá til þess að nemendur fylltu út matið sitt og því var ákveðið að sleppa því að þessu sinni.

Starfsmannasamtöl í febrúar

Starfsmannasamtöl voru tekin í febrúar og hér kemur samantekt á því sem fram kom:

1. Það sem starfsmenn telja að valdi mestu álagi í starfinu er:

Í Mýrarhúsakóla:

- Námsmat
- Innkaup og þrif á stofu
- Lotuskipti
- Stórir bekkir
- Mikil skipulagsvinna vegna margra nemenda með sérþarfir
- Forföll
- Agamál
- Þétt tafla
- Mentor
- Stuðningsfulltrúar upplifa að það geti verið erfitt að fara á milli kennara og finna út hvað hentar þeim best hverju sinni.

Í Valhúsaskóla:

- Mentor
- Rosalegur álagsvetur – námsmat og aðkoma skólanefndar og bæjarstjórnar.
- Agaleysi
- Undirbúningur kennslunnar
- Spenna í loftinu
- Námsmatið tvöfalt bókhald en gefinn nægurtími.
- Stórir bekkir
- Vöntun á að kennarar fylgi eftir reglum um símanotkun
- Vantar úrræði fyrir börn með sérþarfir

- Streita hjá nemendum og foreldrum
 - Stöðugt þyngra að vera umsjónarkennari
 - Of stórir hópar í íþróttum og sundi
 - Sundtímar of stuttir og vantar sund á 10. bekk
 - Hve starfið getur verið ófyrirsjáanlegt – en það fylgir mér ekki heim eða veldur óeðlilegri streitu.
2. Samvinna telur mikill meirihluti kennara að gangi vel. Í Mýrarhúsaskóla eru kennarar almennt ánægðir með samvinnunna, þó hún sá mismikil. Í flestum árgöngum vinna kennarar þétt saman og undibúa alla kennslu saman. Stuðningsfulltrúar óska eftir meira upplýsingaflæði frá kennurum. Í Valhúsaskóla finnst kennurum samvinna samkennara almennt góð, verkaskipting á hreinu og kennarar í flestum greinum hafa komið sér upp góðu verklagi og hittast eftir þörfum. Einstaka kennarar eru stöðu sinnar vegna einyrkjar (eini kennarinn í námsgrein).
 3. Líðan kennara er einnig almennt góð. Starfsfólk Mýrarhúsaskóla talar um gleði á vinnustaðnum, fólki líður almennt á vinnustaðnum. Í Valhúsaskóla líður fólki almennt vel í vinnunni og talar um sveigjanleika í starfi sem hluta af því og skemmtilegt og gefandi starf. Samt sem áður var minnst var á að erfiðar umræður eigi það til að skjóta upp kollinum í hópnum og talað var um leiðindapressu vegna námsmatsins. Fram komu miklar áhyggjur af því hvernig reynt verður að halda í gott fólk og fá inn nýtt fólk. Fram kom að andinn í stjórnkerfi bæjarins truflar einhverja og einhverjir upplifa sig hafa orðið fyrir árás af hendi skólayfirvalda.
 4. Samskipti á vinnustaðnum að öllu jöfnu góð. Í Mýrarhúsaskóla er fólk ánægt með samskiptin sín á milli, þó upplifa nokkrir erfið samskipti við nokkra starfsmenn. Einn kennari nefnir að ákveðinn hópur væri með óvægna umræðu í garð sumra. Í Valhúsaskóla telur starfsfólk samskiptin góð með einni undantekningu þó.
 5. Kennarar létu almennt vel af samvinnu við stjórnendur. Í Mýrarhúsaskóla er talað um góða samvinnu, skilning og sveigjanleika. Þá finnst fólki aðgengi að stjórnendum gott og að á það sé hlustað. Stundum mætu hlutirnir þó ganga hraðar fyrir sig. Stuðningsfulltrúar fá ekki tölvupóst frá stjórnendum og því ekki nægjanlega vel upplýstir um það sem er á döfinni hverju sinni. Í Valhúsaskóla er talað um góð samskipti við stjórnendur, þeir séu alltaf til staðar og aðgengi gott að þeim. Talað er um að stjórnendur virðist treysta kennurum mjög vel – kennarar hafa faglegt sjálfstæði. Einhver vill þó gjarnan stundum fá

skýrari fyrirmæli og finnst stundum vanta upp á þjálfun og kynningar. Upplýsingaflæði mætti stundum vera betra og þá helst varðandi upplýsingar um einstaka nemendur.

6. Varðandi aðbúnað komu fram eftirfarandi ábendingar: Í Mýrarhúsaskóla eru allnokkrir sem telja aðstöðuna vera fína en það sem flestir gera athugasemdir við er salernisaðstaða starfsmanna og fyrirkomulagi á matarmálum. Þá nefna nokkrir ónæði af skólaskjóli. Meðal annars sem er nefnt er loftræstikerfið virkar ekki sem skyldi, er t.d. mjög hávæð og úr henni kemur mikið ryk. Þá finnst mörgum sem að skólinn sé að dragast aftur úr með tilliti til tæknimála. Það vantar fullt af tækjum og tólum, fleiri iPad, tölvur og tækni-legó. Það erfitt að undirbúa og skipuleggja verkefni þegar deila þarf tækjunum með fleiri bekkjum, þetta kemur niður á verkefnum og þau taka lengri tíma. Ættu að vera 2 um hvern iPad í mesta lagi. Það vantar mun fleiri Chrome bækur. Í Valhúsaskóla vill fólk gjarnan sjá fleiri cromebækur, smíðju með búningum o.fl. t.d. fyrir stuttmyndagerð. Skólinn ætti að vera betur tækjum búin vegna stuttmyndagerðar og almennrar tæknikennslu, vantar m.a. smásjár. Það er löngu tímabært að skipta út nemenda- og kennarahúsgögnum og huga þarf betur að þrifum í nemendaeldhúsi. Það vantar aðstöðu fyrir kennara sem koma langt að, hjólandi eða gangandi, s.s. skiptiaðstaða, sturta og skápar. Fara þarf í aðgerðir sem laða að nýtt og öflugt fagfólk til skólans. Hugsa þarf að bættari aðstöðu í kennaraherbergi íþróttakennara og almenn þrif. Grunur um myglu í herberginu og ekkert hefur verið gert í því.
7. Varðandi námskeið þá koma fram óskir Í Mýrarhúsaskóla um fræðslu varðandi upplýsingatækni í skólastarfi og að setja mætti kraft í núvitund. Þá er kallað eftir fræðslu í skipulagi teymiskennslu og nýbúafræðslu. Nokkrir nefna líka að kennarar þyrftu að vera duglegri að upplýsa hvort annað og skiptast á kennsluhugmyndum innan skólans. Í Valhúsaskóla var talað um námskeið í agastjórnun, matreiðslunámskeið fyrir heimilisfræðikennara, námskeið í stuttmyndagerð, námskeið í efðlisfræðikennslu – tilraunir og verklega kennslu, myndmenntanámskeið fyrir myndmenntakennara, námskeið þar sem kennt er á forrit sem kallast TRELLO. Námskeið sem fólk nefndi að það hefði sótt eru námskeið á vegum dönskukennarafélagsins, ráðgjafanámskeið og námskeið á vegum íþróttakennarafélagsins.

Skólapúlsinn - foreldrakönnun

Foreldrakönnun var ekki lögð fyrir þetta skólaárið vegna COVID, verkfalla o.fl. en hún verður lögð fyrir 2021.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mat og úrbætur:

- Matsfundur með nemendaráði og skólaráði náðist ekki vegna röskunar á skólastarfi.
- Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en skriflegt hjá hinum. Niðurstöðurnar eru ræddar við umsjónarkennara og námsráðgjafa ef við á. Vísbendingar um samskiptavanda eru skoðaðar sérstaklega og gripið inn í eftir þörfum.
- Eins og fram kemur hér að framan náðist ekki að leggja samskiptakönnun fyrir nemendur á vorönn 2020 áður en skólahald raskaðist. Ekki þótti rétt að leggja samskiptakönnun fyrir í því umróti sem var í skólanum á vordögum eftir COVID og því þarf að bíða niðurstaðna fram að samskiptakönnun sem lögð verður fyrir haustið 2020.
- Nemenda- og foreldrasamtölin fóru vel fram og haldið verður áfram með sambærileg samtöl á komandi skólaári.
- Starfsmannasamtöl fóru vel fram og starfsfólk tjáði sig um bæði jákvæða og neikvæða þætti starfsins. Almennt eru starfsmenn nokkuð ánægðir með samskiptin innan stofnunarinnar en flestir kvörtuðu undan miklu álagi vegna námsmats og skráninga í Mentor, fjölmennra bekkja, undirbúnings kennslunnar og agastjórnunar. Á unglingastigi verður brugðist við þessu mikla álagi varðandi námsmatið með því að gera áætlun um einfaldara námsmat á komandi ári. Einföldunin felst aðallega í því að kennarar hætta að gefa fyrir einstök hæfniviðmið, þó þeir tengi ómetanleg hæfniviðmið við allt námsmat. Gefið verður fyrir einstök verkefni og próf. Settar hafa verið upp vörður sem leiðbeina kennurum um það hvenær nauðsynlegt er að allir hafi metið nemendur – þrjár vörður á hvorri önn. Varðandi það sem fólki finnst vanta á í aðbúnaði verður listað upp og reynt eftir fremsta megni að bæta þar úr eftir því sem fjármagn leyfir og úr sumu hefur þegar verið bætt.

Mars

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Mars	- Skólapúlsinn foreldrakönnun - Mat á framförum í lestri hjá 1.-6. bekk - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	- Matsteymi og verkefnastj. UT - Deildarstjóri stigs/ umsjónarkennarar - Verkefnastjóri í UT

Skólapúlsinn – foreldrakönnun

- Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var ákveðið að leggja ekki fyrir foreldrakönnun eins og ráðgert hafði verið. Vegna þessa er stefnt að því að leggja bæði fyrir nýja starfsmannakönnun og foreldrakönnun í mars 2021.

Mat á framförum í lestri hjá 1.- 6. bekk

Vegna takmarkana á skólahaldi voru lesfímikannarir ekki lagðar fyrir nemendur sem eru undir viðmiðum eins og venjan er. Nemendur voru eftir sem áður hvattir til að lesa heima til að viðhalda færni sinni.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Apríl

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Apríl	- Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum - Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir 3.-6.b. - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	- Kennarar/stjórnendur - Deildarstjóri stigs/ umsjónarkennarar - Verkefnastjóri í UT

Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum

Mat á kennsluáætlunum skólaársis hófst síðar en verið hefur vegna röskunar á skólahaldi í mars og apríl en vinnan stóð fram að skólalokum skólaárs og hefst aftur um miðjan ágúst. Lögð er áhersla á það að kennsluáætlanir verði fullbúnar ekki síðar en í 1. sept. 2020. Í ágústmánuði 2020 verður kennurum á unglingastigi uppálagt að endurskoða, enn og aftur, þann kafla námsskrár sem snýr að námsmati en til stendur að einfalda kennurum námsmatsvinnuna og gera námsmatið einfaldara og aðgengilegra fyrir nemendur og foreldra. Í júní fengu kennarar vinnuskjal varðandi námsmat skólans frá stjórnendum en það var unnið út frá niðurstöðum þeirra umræðna sem átt hafa sér stað meðal kennara og stjórnenda nú á vorönn. Skjalið verður lagt til grundvallar við endurgerð námsmatskafla hvernar kennsluáætlunar. Stjórnendur munu nýta ágústmánuð í uppfærslu þess hluta skólanámskrár sem ber yfirskriftina Vitinn.

Lesskilningsprófið Orðarún í 3.-6. bekk

Vegna takmarkanna á skólahaldi var Orðarún lögð fyrir undir lok apríl eða byrjun maí. Farið er yfir niðurstöður og þær skoðaðar í samhengi við aðrar lesfímikannanir. Allar niðurstöður eru birtar foreldrum á mentor.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Maí

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Maí	- Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk - Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk - Greining á niðurstöðum samræmdra prófa í 9. bekk. - Orðarún lögð fyrir í 7. og 8. bekk	- Verkefnastjóri í UT - Valhúsaskóli: Stjórnendur - Mýrarhúsaskóli: Umsjónarkennarar - Stjórnendur/umsjónarkennarar/faggreinakennarar - Umsjónarkennarar

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 1. – 10. bekk

Samantekt úr niðurstöðum nemendakönnunar skólaársins 2019-2020

Eins og sést á yfirlitsmyndinni hér fyrir neðan eru niðurstöður Skólapúlsins almennt fremur jákvæðar fyrir skólaárið 2019-2020. Kvarðinn sem sýnir niðurstöður einstakra þátta er þannig að 0,5 stig telst marktækur munur en ekki mikill munur, 1.0 stig telst talsverður munur og 1,5 stig telst mikill munur.

Skólapúlsinn - niðurstöður úr 1.-5. bekk

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 1.b	5,6	39	-0,2	5,2	423	0,4*
1.2. Ánægja af lestri 2.b	5,7	65	-0,4	5,4	461	0,3*
1.3. Ánægja af lestri 3.b	5,4	42	0,8	4,8	478	0,6*
1.4. Ánægja af lestri 4.b	4,4	60	-0,8	4,5	491	-0,1
1.5. Ánægja af lestri 5.b	4,1	57	-0,7	4,2	519	-0,1
1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b	5,0	263	-0,3	4,8	2.398	0,2*

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 1.b	6,5	39	0,4	5,3	421	1,2*
2.2. Ánægja með skólann 2.b	5,8	65	0,0	5,2	462	0,6*
2.3. Ánægja með skólann 3.b	5,3	42	0,1	4,7	477	0,6*
2.4. Ánægja með skólann 4.b	4,6	60	-0,4	4,5	490	0,1
2.5. Ánægja með skólann 5.b	4,3	57	-0,8	4,6	518	-0,3
2.6. Ánægja með skólann 1.-5.b	5,2	263	-0,2	4,9	2.394	0,3*

3. Velliðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Velliðan í skólanum 1.b	6,1	39	0,3	5,0	420	1,1*
3.2. Velliðan í skólanum 2.b	5,7	65	-0,4	5,3	462	0,4*
3.3. Velliðan í skólanum 3.b	6,2	42	0,9	5,0	477	1,2*
3.4. Velliðan í skólanum 4.b	5,3	60	-0,0	4,9	491	0,4*
3.5. Velliðan í skólanum 5.b	5,1	57	-0,7	5,0	518	0,1
3.6. Velliðan í skólanum 1.-5.b	5,6	263	-0,0	5,0	2.394	0,6*

Skólapúlsinn - niðurstöður úr 6.-10. bekk

- **Virgni nemenda í skólanum:** Þessi þáttur var mældur í 6 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0.83 stigum yfir viðmiðum. Lægst mældist skólinn, 0,5 stigum yfir viðmiðum, en það varðar áhuga á lestri. Hæst mældist skólinn 1,1 stigi yfir viðmiðum en sá þáttur laut að trú á eigin vinnubrögðum í námi.
- **Líðan og heilsa:** Þessi þáttur var mældur í 7 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,58 stigum yfir landsmeðaltali en þar er einelti tekið inn sem +tala þar sem það telst jákvætt að vera undir í þeim lið. Tveir þættir eru hins vegar ekki reiknaðir með en það eru liðirnir tíðni eineltis og tíðni hreyfingar en þessir þættir eru mældir í prósentustigum. Það vekur athygli að tíðni hreyfingar hefur aukist úr 3,2 prósentustigum í 11,3 prósentustig milli ára. Varðandi tíðni eineltis mældist skólinn 3,4 prósentustigum yfir landsmeðaltali í fyrra en er nú 1,1 prósentustigi undir landsmeðaltali og er það mjög jákvæð breyting. Í fyrra mældist eineltið - 0,1 stigi undir viðmiðum og telst það jákvæður munur en í ár mældist eineltið -0,4 stigum undir viðmiðum þannig að það er þróun í rétta átt.

- **Skóla og bekkjarandi:** Skóla og bekkjarandi var mældur í 5 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,18 stigum yfir meðaltali. Þeir þættir sem þurfa einna helst að skoðast er virk þátttaka nemenda í tímum en þar er skólinn 0,2 stigum undir landsmeðaltali og tíðni leiðsagnarmats en þar er skólinn á pari við landsmeðaltal.

Nemendakönnun 6.-10.b. 2019-2020 — Grunnskóli Seltjarnarness

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,2	177	0,0	4,7	14.969	0,5
1.2. Þrautseigja í námi	5,8	185	0,1	4,8	15.011	1,0
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,9	185	0,1	5,0	15.274	0,9
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,4	185	-0,0	4,8	15.270	0,6
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,9	185	0,2	4,8	15.026	1,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,6	183	-0,1	4,7	15.263	0,9

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	5,3	183	0,1	4,5	14.993	0,8
2.2. Stjórn á eigin lífi	5,3	184	0,2	4,6	14.973	0,7
2.3. Vellíðan	5,2	184	0,1	4,6	15.203	0,6
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	42	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,0	184	-0,2	5,4	15.178	-0,4
2.6. Tíðni eineltis	11,4%	21/184	-4,2%	12,5%	1915/15123	-1,1%
2.7. Staðir eineltis	-	18	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	56,9%	103/181	9,0%	45,6%	6657/14780	11,3%
2.9. Holtt mataræði	5,1	183	-0,0	4,7	14.912	0,4



3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,4	184	-	5,0	14.909	0,4
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	182	-0,2	4,9	15.134	0,2
3.3. Agi í tímum	5,4	183	0,0	4,9	15.129	0,5
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	181	-0,3	5,1	15.102	-0,2
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,0	183	-	5,0	15.089	0,0



Lestarpóf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk

Haldið var áfram að leggja lestarþóf MMS fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Eins og fram kemur á súluritunum hér fyrir neðan þokast lestrarfærnin í rétta átt yfir skólaárið. Þegar niðurstöður frá því sept. 2016 eru bornar saman við niðurstöður í maí 2020 kemur fram að heilmiklar framfarir hafa orðið í lestrarfærni nemenda frá því mælingar hófust. Lestarpóf fyrir unglingastigið hafa haft heilmikil áhrif á metnað unglinganna varðandi það að bæta lestrarfærni sína.



Fyrirlögn sept. 2019, Grunnskóli Seltjarnarness



Fyrirlögn jan. 2020, Grunnskóli Seltjarnarness



Fyrirlögn maí 2020, Grunnskóli Seltjarnarness



Samanburður á lestrarniðurstöðum í maí 2020, niðurstöðum á landinu og fyrstu mælingu GS 2016

Bekkur	Landið %	Viðmið 1	Fyrsta mæling GS 2016	Landið %	Viðmið 2	Fyrsta mæling GS 2016	Landið %	Viðmið 3	Fyrsta mæling GS 2016	Landið %	Undir viðmiði 1	Fyrsta mæling GS 2016
	90% viðmið			50% viðmið			25% viðmið					
1	88,3	98,3		37,4	68,4		18,5	45,6		11,7	1,8	
2	82,7	91,3	81,60%	39,5	68,1	36,80%	26,1	59,4	10,50%	17,3	8,7	18,40%
3	83,8	91,5	77,20%	40,7	57,5	24,60%	24,4	36,2	12,30%	16,2	8,5	22,80%
4	83,1	82	86,40%	50,5	49,2	50,00%	28,4	23	27,30%	16,9	18	13,60%
5	72,2	90,2	78,00%	38,3	62,3	30,00%	20,6	42,6	16,00%	27,9	9,8	22,00%
6	70,5	75,8	72,40%	30,4	45,5	27,60%	17	24,2	10,30%	29,5	24,2	27,60%
7	69,9	84	83,00%	29,2	46	17,00%	12,1	24	6,40%	30,1	16	17,00%
8	76,2	90,4	81,50%	26,9	48,1	18,50%	9,1	13,5	7,40%	23,8	9,6	18,50%
9	73,3	86,4	66,70%	37,9	50	24,40%	18,3	27,3	8,90%	26,7	13,6	33,30%
10	71,4	97,8	71,40%	44	73,3	38,10%	21,8	28,9	0,00%	28,6	2,2	28,60%
meðaltal	77,14	88,77	77,58%	37,48	56,84	29,67%	19,63	32,47	11,01%	22,87	11,2	22,42%


Greining á niðurstöðum samræmdra prófa í 9. bekk

Í mars voru samræmd próf lögð rafrænt fyrir í 9. bekk í fjórða sinn og gekk fyrirlögn áfallalaust fyrir sig. Niðurstöður prófanna birtast hér fyrir neðan.

Íslenska sundurliðuð

9/10	A	Landið	B+	Landið	B	Landið	C+	landið	C	landið	D	landið
2020 (árg. 2005)	19,1%	12,3%	19,1%	12,3%	33,3%	34,5%	9,5%	12,8%	19,1%	24,4%	0%	2,7%
Miðgildi 2020												
Grunnskóli Seltjarnarness		33,57			Garðabær			32,23				
Reykjavík		30,89			Mosfellsbær			29,43				
Nágrenni Reykjavíkur		30,84			Kopavogsbær			31,09				
Raðeinkunn												
	Íslenska	7 / 10	Málnotkun	7 / 10	Lestur	7 / 10	Ritun		7 / 10			
2020 (2005)	59,5	-1,55	61,1	+0,51	58,2	-2,1						
2019 (2004)	67,7	+2,5	73,5	+8	61,8	-4,8						
2018 (2003)	V/G		V/G		V/G							
2017 (2002)	66,6	+4,9	69,1	+4,8	62,6	+8,9						


Hæfnieinkunnahlutföll
Íslenskuhluti
9. árgangur
Grunnskóli Seltjarnarness, mars 2020



Stærðfræði sundurliðuð

9/10	A	landi %	B+	landi %	B	landi %	C+	landi %	C	landi %	D	landi %
2020 (árg. 2005)	20,9%	7,3%	16,3%	12,8%	34,9%	37%	16,3%	11,2%	11,6%	27,9%	0%	3,8%
Miðgildi 2020												
Grunnskóli Seltjarnarness		34,74				Garðabær			34,97			
Reykjavík		30,19				Mosfellsbær			28,8			
Nágrenni Reykjavíkur		30,87				Kópavogsbær			31,83			
Raðeinkunnir												
	<u>Stærðfr</u>	7 / 10	<u>Reikn.</u>	7 / 10	Hlutföll	7 / 10	Algebra		<u>Rúmfr</u>	7 / 10		
2020 2005	63,6	4,65	59,3	-0,14	58,4		54,8		69,6	16,3		
2019 (2004)	74,1		69,6		65,5		73,5		76,2			
2018 (2003)	61	+4,37	53	-2,96	56		56		69	+14,6		
2017 (2002)	59,4	+5,7	56,5	+1,2	61,6		65,8		53,3	+4,2		


Hæfnieinkunnahlutföll
Stærðfræðihluti
9. árgangur
Grunnskóli Seltjarnarness, mars 2020




Enska sundurliðuð

9/10	A	landið	B+	landið	B	landið	C+	landið	C	landið	D	landið
2020 (árg. 2005)	9,1%	10,9%	11,4%	14,1%	54,5%	37,5%	6,8%	10,8%	15,9%	26%	2,3%	0,8%
Miðgildi 2020												
Grunnskóli Seltjarnarness			31,27				Garðabær			33,08		
Reykjavík			28,85				Mosfellsbær			28,27		
Nágrenni Reykjavíkur			30,96				Kópavogsbær			30,65		
Raðeinkunnir												
	Enska		Lestur		Málnotkun							
2020	54,1		52,6		57,1							
2019	64,4		64,5		61,1							

Hæfnieinkunnahlutföll Enskuhluti 9. árgangur Grunnskóli Seltjarnarness, mars 2020



**Flokkun raðeinkunna
9. árgangur
Grunnskóli Seltjarnarness, mars 2020**





Hæfnieinkunnir

	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %
A	12,3%	8	19,1%	7,4%	9	20,9%	10,9%	4	9,1%
B+	12,3%	8	19,1%	12,8%	7	16,3%	14,1%	5	11,4%
B	34,5%	14	33,3%	37,0%	15	34,9%	37,5%	24	54,5%
C+	12,8%	4	9,5%	11,2%	7	16,3%	10,8%	3	6,8%
C	25,4%	8	19,1%	27,9%	5	11,6%	26,0%	7	15,9%
D	2,7%	0	0,0%	3,8%	0	0,0%	0,8%	1	2,3%
Heild		42			43			44	

Lesskilningsprófið Orðarún í 7. og 8. Bekk


- Niðurstöður 7. og 8. bekkjar í Orðarún lágu fyrir í september og svo aftur í maí. Þess ber að geta að matsskalinn breyttist úr fjórum matsviðmiðum í fimm á vorönn 2019 vegna þess að Mentor útbjó miðlægan skala fyrir alla skóla í landinu eftir áramótin en fram að því hafði Valhúsaskóli verið með sinn eigin fjögurra viðmiða skala. Niðurstöður hvers nemanda voru skráðar í mentor þannig að foreldrar geta fylgst með framgangi barna sinna.



Mat og úrbætur

- Eineltismálin hafa undanfarið verið þeir þættir í skólapúlsum sem hafa þarfnast skoðunar en þar skorar skólinn örlítið betur að þessu sinni. Þegar tíðni eineltis er skoðuð kemur fram að GS mælist með 11,4% tíðni á meðan landsmeðaltal er 12,5%. Þrátt fyrir að mælingar sýni jákvæða þróun er mjög mikilvægt að vinna áfram að bættum samskiptum í skólanum. Ljóst er þegar

árgangapróun er skoðuð að tíðni eineltis hefur farið lækkandi í 7.-9. bekk en þróunin í 10. bekk á liðnu skólaári sýnir að það er eins gott að fylgjast vel með. Óskað verður eftir því að umsjónarkennarar sinni samskiptaþættinum sérstaklega í öllum árgöngum.



Annað sem skoða þarf skv. niðurstöðum skólalúpsins er upplifun nemenda á virkni sinni í tímum þar er GS 0,2 stigum undir landsmeðaltali. Mikilvægt er að kynna þessa upplifun vel fyrir kennurum og óska eftir áætlun frá þeim varðandi það að reyna að auka samræður í kennslustundum sínum með það fyrir augum að nemendur fái fleiri tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Varðandi leiðsagnarmat í skólanum þá upplifa nemendur það á pari við landsmeðaltal og þar má gera betur. Reyndar hefur fyrirgjöf á Mentor verið mjög nákvæm undanfarin ár – svo nákvæm að e.t.v. er hún orðin of flókin fyrir nemendur og foreldra og stefnt er á að einfalda upplýsingagjöf varðandi námsmat á komandi ári á unglingastigi.

- Niðurstöður úr lesfimiþrófum MMS sýna að í maí er fjöldi nemenda, sem nær ekki viðmiði 1 í lesfimi mestur í 4., 6. og 7. og 9. bekk en í þessum árgöngum eru prósentu þeirra nemenda sem eru undir viðmiði 1 á bilinu 13,64%-24,24%. Í september voru allir tíu árgangar GS með fleiri en 10% nemenda undir viðmiði 1, í janúar urðu árgangarnir átta og fjórir í maí. Ef horft er yfir 1.-10. bekk skólaárið 2019-2020 þá voru það 30,64% nemenda sem náðu ekki viðmiði 1 í sept., sú tala fór niður í 15,7% í janúar og í 11,24% í maí. Sé horft til þeirra nemenda sem náðu viðmiði 3 í 1.-10. bekk þá náðu 10,17% nemenda viðmiði 3 í september, 20,21% í janúar og 32,47% í maí.

Á unglingastigi verður skipulagið áfram með þeim hætti að nemendur verða með yndislestrarstund 4 x 20 mínútur á viku auk þess sem kennarar verða beðnir um að vinna í lestrarhraða og lesskilningi með nemendum í yndislestrarstundunum. Á yngsta og miðstigi verður áfram áhersla á heimalestur, unnið er markvisst með orðaforða og yndislestur er fastur hluti af námi nemenda.

Það er enn sem fyrr áberandi að þær framfarir sem nást frá sept. – maí ná ekki að halda nógu vel yfir sumartímann þar sem nemendur eru greinilega ekki að lesa nógu mikið í sumarfríinu. Það er samt skammtilegt að skoða niðurstöður skólans frá því að mælingar á lesfimi hófust, í sept 2016 en síðan þá hafa orðið allnokkrar framfarir hvað lesfimi varðar.

- Niðurstöður samræmdra prófa hafa verið greindar og ráðstafanir hafa verið gerðar varðandi þá nemendur sem ekki náðu 30 í raðeinkunn (c+ í hæfnieinkunn) og markmiðið að styðja betur við bakið á þeim nemendum. Stjórnendur hafa þegar sent exelskjal til kennara og sérkennara með niðurstöðum einstakra nemenda í sundurliðuðum þáttum samræmdu prófanna til að auðvelda þeim að útdeila þeirri aðstoð sem í boði er til réttra aðila. Farið verður aftur yfir þessi gögn í byrjun skólaárs 2020-2021.
- Niðurstöður lesskilningsprófanna Oraðarúnar eru fremur jákvæðar þar sem það fækkar í hópnum þeirra nemenda sem ná ekki tilsettri hæfni bæði í 7. og 8. bekk og þeim fjölga sem ná tilsettri hæfni. Það væri reyndar gaman að sjá hópinn sem nær framúrskarandi hæfni stækka. Áframhaldandi vinna með yndislestur ætti að hafa jákvæð áhrif á lesskilning jafnt sem leshraða.

Júní

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Júní	▪ Yfirferð lögbundinna áætlana ▪ Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla	▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi/stjórnendur

Yfirferð lögbundinna áætlana

Lögbundnar áætlanir eru uppfærðar annað hvert ár og fór sú uppfærsla fram að hluta til í ágúst 2019 og að hluta til í júní og ágúst 2020.